

## **Skýrsla stjórnar Minjaverndar hf. fyrir starfsárið 2010.**

Á aðalfundi Minjaverndar hf. þann 16. apríl 2010 voru eftirtalin kjörin í stjórn félagsins: Sem aðalmenn Þróstur Ólafsson, Þórhallur Arason, Rakel Olsen, Kristbjörg Stephensen og Þorvaldur S. Þorvaldsson. Sem varamenn Benedikt Geirsson, Hafsteinn Hafsteinsson og Kristín Einarsdóttir. Endurskoðandi félagsins var kjörin Anna Kristín Traustadóttir löggiltur endurskoðandi. Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar var Þróstur Ólafsson kjörinn formaður stjórnar og Kristbjörg Stephensen varaformaður.

Framkvæmdastjóri félagsins er Þorsteinn Bergsson.

Stjórn Minjaverndar hélt 5 bókaða stjórnarfundum á starfsárinu og verður hér gerð grein fyrir helstu atriðum í starfsemi félagsins. Á árinu 2010 voru liðin 10 ár frá breytingu Minjaverndar úr sjálfseignarstofnun í hlutafélag og 25 ár liðin frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar Minjaverndar í apríl 1985.

### **Framkvæmdir eða áform Minjaverndar í Reykjavík.**

Við verklok endurbyggingar Aðalstrætis 10 á vormánuðum 2007 lauk vinnu Minjaverndar að endursköpum húsa og götumyndar við vestanvert Aðalstræti. Umræður um þá endurbyggingu og samvinnu Minjaverndar við Reykjavíkurborg hófust í nóvember 1994. Fyrsta áfanga framkvæmda lauk 1999 þegar lokið var endurgerð hússins Ísafoldar, en Minjavernd tók það niður að Austurstræti 8 og endurreisti á núverandi stað að Aðalstræti 12. Í framhaldi gerðist Reykjavíkurborg hluthafi í Minjavernd og lét til félagsins allar eignir sínar við vestanvert Aðalstræti utan hús og lóð Aðalstrætis 10 á þeim tíma. Þetta var gert í því augnamiði að félagið tækist á herðar að standa fyrir uppbyggingu á auðum lóðum á horni Aðalstrætis og Túngötu ásamt því að endurbyggja húseignir að Aðalstræti 2. Þetta var eitt aðalverkefni félagsins um nokkurra ára bil árum og vannst í nokkrum áföngum. Stærsti einstaki áfanginn var uppbygging á horni Aðalstrætis og Túngötu sem lokið var í góðu samstarfi Reykjavíkurborgar, Fasteignafélagsins Stoða, nú Reita og Minjaverndar. Heildarkostnaður þessarar uppbyggingar allrar nemur á fjórða milljarð króna. Er full ástæða til að þakka öllum þeim sem starfað hafa með Minjavernd að þessu verkefni. Lok verkefna Minjaverndar á þessu svæði var síðan endurgerð á húsinu Ziemsen í Grófinni. Nú þegar þessum stóru áföngum er lokið og fá stór verkefni á þessu sviði eftir í miðborg Reykjavíkur, hefur stjórn félagsins ákveðið að líta í auknum mæli til verkefna úti á landi. Minjavernd hefur enn að nokkru umsjón með viðhaldi húsanna allra.

Meðan á öllu starfi að endurgerð húsa við götuna stóð, var þess gætt að heimildum væri haldið til haga um endurgerðina, hún tekin upp á myndbönd og ljósmynduð. Jafnframt var fljótlega rætt um útgáfu á því efni og almennt um sögu götunnar, fyrstu götu Reykjavíkur og Íslands. Það starf er nú komið í gang sbr. frásögn hér síðar.

### **Ziemsen.**

Á vormánuðum 2006 tók Minjavernd að sér það verkefni fyrir Reykjavíkurborg að flytja húsið Ziemsen frá Hafnarstræti 21 til geymslu á Grandagarði. Í framhaldi af því var þann 16. ágúst 2007 gengið frá samningi milli borgarinnar og Minjaverndar um flutning og endurgerð hússins. Þetta verkefni var sýnu stærst verka Minjaverndar á árunum 2008 og 2009. Framkvæmd þessi tókst með ágætum. Bæði er það mat að vel hafi tekist að koma húsinu fyrir

í nýju umhverfi og framkvæmd og fjarhagur gekk þokkalega eftir. Húsið var selt að framkvæmd lokinni, en Minjavernd hefur enn að nokkru umsjón með viðhaldi þess.

## **Vaktarabær.**

Vaktarabærinn að Garðastræti 23 var kallaður svo eftir Guðmundi Gissurarsyni vaktara sem talið er að hafi byggt húsið um 1848. Guðmundur var vaktari bæjarins frá 1830 til 1865. Húsið var hluti bæjarhúsa Grjóta, þess bæjar sem Grjótaþorp heitir eftir. Árið 1856 var húsið lengt til vesturs og eftir það hefur húsið þá stærð og form sem það hefur enn. Árið 1868 er fyrst skráð búseta í húsinu, en þar fæddust m.a. þeir bræður Sigvaldi Kaldalóns, Snæbjörn og Guðmundur Stefánssynir og bjuggu þar ásamt foreldrum sínum Stefáni Egilssyni og Sesselju Sigvaldadóttur og bróður Eggerti er var söngvari.

Húsið hafði um áratugaskeið verið í niðurníðslu og illa farið. Frá árinu 2007 var í umræðu milli Reykjavíkurborgar og Minjaverndar að félagið tæki að sér endurgerð Vaktarabæjarins og þann 26. júní 2008 var gengið frá afsali hússins til Minjaverndar og samningi Reykjavíkurborgar og Minjaverndar um þá endurgerð. Ráðist var í könnun vegna fornleifa á lóð hússins og í framhaldi var framkvæmd fornleifarannsókn á þeim hlutum lóðar þar sem framkvæmdir höfðu jarðrask í för með sér.

Húsið var upphaflega að nokkru byggt úr samtíningi efnis og við endurgerð hefur verið leitast við að nota gamalt efni við endurbætur eftir því sem kostur hefur verið á. Notað var afgangsefni frá endurgerð Aðalstræis 10, Aðalstrætis 16, Aðalstrætis 2 og Zimsen sem flutt var að Vesturgötu 2. Við húsið hafa um langt skeið verið viðbyggingar, lengst af nokkur inngangsbýslög við austurhlið þess. Þau voru notuð sem forsenda fyrir viðbyggingu sem byggð var við austurhlið við núverandi endurgerð og hýsir inngang, stiga og snyrtingu. Argos ehf. arkitektastofa annaðist teikningar að endurgerð hússins og starfsmenn Minjaverndar önnuðust alla smíði og múrvinnu. Húsið er mjög sérstakur lítill gullmoli í sínu umhverfi og eitt minnsta íbúðarhús höfuðborgarinnar. Minjavernd hefur nú að fullu lokið við endurgerð hússins.

## **Bankastræti 2.**

Þegar á árinu 1982, er verið var að hanna nýbyggingar á Bernhöftstorfu meðfram Skólastræti, var gert ráð fyrir byggingu út við Bankastræti sem lægi þvert á svonefnd Móhús. Þessi bygging var hugsuð á sama grunni og Bókabúð KRON áður stóð, en hún brann 1977. Á sínum tíma fékkst ekki heimild þáverandi skipulagsyfirvalda fyrir henni, en árið 2007 var þeirrar heimildar aflað með breytingu á deiliskipulagi svæðisins og á árinu 2008 voru lagðar fram teikningar að nýbyggingu – viðbyggingu við fyrrnefnd Móhús og þær samþykktar.

Haustið 2009 ákvað stjórn félagsins að hefjast handa um þessa viðbyggingu og er hún nú risin. Framkvæmdir hófust í byrjun janúar 2010 og var lokið að við ytra byrði og neðri hæð í byrjun júní og síðan efri hæð í október. Rými hússins var þegar ráðstafað í upphafi verks og það því í fyrirsjáanlegum rekstri strax við verklok. Byggingu þessari er ætlað að ljúka þeirri heildarmynd af endurreistri Bernhöftstorfu sem þegar í upphafi var gert ráð fyrir. Jafnframt er henni ætlað að styrkja rekstur félagsins til framtíðar og útleigu húsnæðis á Bernhöftstorfu. Argos ehf arkitektastofa annaðist teikningar og starfsmenn Minjaverndar alla smíði.

## Sólfell.

„Verkun saltfisks til útflutnings var ein helsta atvinnugrein landsins í byrjun togaraaldar og um 1920 er talið að fimmti hver Reykvíkingur hafi haft lífsviðurværi sitt af fiskverkun. Kirkjusandur var eitt þeirra svæða í Reykjavík þar sem slík atvinnustarfsemi var stunduð og þar ráku Íslandsfélagið og Th. Thorsteinsson fiskverkunarstöðvar.

Mikil fiskverkunarhús voru reist á Kirkjusandi, en það hús sem hér er fjallað um er eitt eftir af þeim húsum. Það er reist árið 1921 af Th. Thorsteinsson, útgerðarmanni, sem rak fiskverkunarstöð á ytra Kirkjusandi, þar sem voru stakkstæði og fiskverkunarhús, en einnig risu þar íbúðarhús, sem voru fyrsti vísir að íbúðarbyggð í Laugarneshverfi. Húsið er timburhús, byggt í binding, járnklætt með mænispaki og á því eru tvö loftrásarskýli, sem gefa því sérstakan svip. Við suðurhlið þess er geymsluhús fyrir saltfisk, einlyft með hallandi þaki.

Ummerki um þessa mikilvægu atvinnugrein eru nú óðum að hverfa og aðeins tvö fiskverkunarhús standa enn, umrætt fiskverkunarhús á Kirkjusandi og hús Alliance við Ánanaust.“ Höf. Guðný Gerður Gunnarsdóttir, borgarminjavörður, minnisbl. júní 2007.

Reykjavíkurborg seldi Glitni árið 2007 eingir sínar á Kirkjusandi. Á meðal þeirra húsa sem þar stóðu var húsið Sólfell, en skilyrði var þar að borgin léti fjarlægja húsið – það elsta sem þar var, af lóðinni.

Gert var ráð fyrir að húsið yrði rífið og var búið að semja við verktaka í því efni. Minjavernd bauðst þá til að taka húsið yfir og fjarlægja í heilu lagi og varð það úr. Félagið hafði það í geymslu um þriggja ára skeið, en í upphafi árs 2010 var farið að vinna að tillögum að framtíðarstaðsetningu þess. Faxaflóahöfnum og skipulagsyfirlöfum í Reykjavík voru sendar tillögur að staðsetningu við Reykjavíkurhöfn, en talið var mikilvægt að húsið stæði nálægt sjó, enda byggt sem saltfiskþurrkunarhús á þáverandi eitt aðalfiskvinnslusvæði Reykjavíkur og lengst framan af var starfsemi í því tengd sjósókn, fiskvinnslu og útgerð.

Viðtökur Faxaflóahafna við erindi Minjaverndar voru strax í upphafi mjög jákvæðar og hefur það jákvæða viðhorf litað öll samskipti aðila síðan. Það var að tillögu Gísla Gíslasonar hafnarstjóra að staðsetja mætti húsið á lóðinni sem nú heitir Ægisgarður 2. Gengið var til breytinga á deiliskipulagi og útbúin sú lóð og þangað verður húsið flutt nú í apríl 2011.

Jafnframt létu Faxaflóahafnir af hendi lóð vestan Slippsins sem húsið var flutt á haustið 2010 hvar gert hefur verið við það, að því marki sem kostur er á fyrir flutning á endanlegann stað.

Lágmarksbreytingar verða gerðar á húsinu sjálfu svo unnt sé að nota það fyrir aðra starfsemi en upphafleg var. Húsið verður engu að síður hækkað lítillega á sökkli og gluggasetningu jafnframt breytt, en þó þannig að upphaflegt form eða eðli hennar helst. Upphaflegt yfirbragð þess mun halda sér í öllum aðalatriðum, bæði að ytra sem innra byrði.

Við norðurhlið hússins, þá sömu og fiskgeymslan stóð upphaflega, mun rísa viðbygging með nær sama grunnfleti, formi og að miklu leyti efni, en nú nýbygging. Húsið verður alls tæplega 300 m<sup>2</sup> og verður því ætlað að styrkja það aukna mannlíf sem þróast hefur á þessu gamla hafnarsvæði. Minjavernd hefur þegar leigt húsið út og mun það hýsa veitingastað og ferðaþjónustu.

## Leigusamningar.

Minjavernd byggir fastan rekstur sinn og fjárhag að mestu leyti á útleigu þess húsnæðis sem félagið hefur endurgert í miðborg Reykjavíkur. Það er því lögð töluverð vinna að því að halda útleigu þessara eigna í því horfi að þær skili ásættanlegum fjárhagslegum afrakstri og séu jafnframt umhverfi sínu til sóma. Á árinu 2010 voru litlar breytingar á hópi leigutaka en engar leigutekjur hafa verið afskrifaðar á árinu.

## **Útgáfustarfsemi, kynningarefni.**

Minjavernd hefur látið taka saman ýmislegt efni er varðar sögu þeirra húsa sem félagið hefur unnið að endurgerð á. Hefur verið horft til útgáfu þess, en ekki komist í verk enn sem komið er.

Nýlegt hefti tímaritsins Design form Scandinavia inniheldur hins vegar fjölda síðna með kynningu á starfi Minjaverndar að endurbyggingu í Aðalstræti. Er þar mjög jákvæð kynning á ferð sem kemur því starfi skilmerkilega á framfæri á erlendri grundu. Hefur það efni jafnframt verið nýtt til kynningar af hálfu Minjaverndar í viðræðum við erlenda aðila í tengslum við verkefnið endurgerð Franska spítalans á Fáskrúðsfirði.

Nú er hins vegar hafin vinna við útgáfu á sögu Aðalstrætis frá upphafi til nútíma, og þar með því uppbyggingarstarfi sem unnið hefur verið að við götuna sl. 12 ár. Guðjón Friðriksson sagnfræðingur tók fyrir nokkrum árum saman efni um sögu götunnar fyrir Minjavernd. Hann hefur nú verið ráðinn til að yfirfara fyrirliggjandi texta sína um þá sögu alla og húsa sem við hana standa og hafa staðið. Jafnframt hefur verið unnið að vali myndefnis. Minjavernd mun gefa bókina út og er stefnt að útgáfu á komandi hausti.

## **Viðhald húseigna Minjaverndar í Reykjavík.**

Minjavernd er það nokkurt kappsmál að halda eigum sínum í þokkalegu ásigkomulagi og að yfirbragð þeirra sé í umhverfi frekar til sóma en annað. Er það enda nauðsynlegt svo þær geti skilað félaginu tekjum sem það að hluta lifir á. Félagið leggur því að jafnaði nokkrar upphæðir til viðhalds eigna sinna á hverju ári. Mikið er gengið um þau hús sem félagið hefur til útleigu og þarfnast þau því jafnvel meira viðhalds en framkvæmt hefur verið ef vel á að vera.

## **Nokkur viðfangsefni eða áform Minjaverndar úti á landi.**

### **Bókhlaðan í Flatey.**

Minjavernd hefur annast vörslu og viðhald Bókhlaðunnar í Flatey frá 1985. Húsið var byggt 1864 og er elsta hús sem byggt var fyrir bókasafn á landi hér og enn nýttist sem slíkt. Minjavernd lauk við endurbyggingu hússins 1987 og hefur annast viðhald og umsjón þess. Hið gamla bókasafn Framfarastiftunar Flateyjar er í vörslu Landsbókasafns. Til umræðu hefur komið að Minjavernd aðstoði við útvegum fjármagns til flokkunar og lagfæringa á bókum safnsins. Í framhaldi mætti finna hluta þess samastað í húsum Minjaverndar í Flatey.

### **Eyjólfspakkhús, Stórapakkhús og Samkomuhús í Flatey.**

Nú eru liðin níu ár síðan lokið var viðgerð á Eyjólfspakkhúsi og það tekið í notkun. Eftir það var frekar litlum fjármunum varið til endurbyggingar hinna pakkhúsanna næstu ár, þ.e. Stórapakkhúss og Samkomuhúss. Á árunum 2004 og 2005 var ráðist í nokkra áfanga við endurgerð á Stórapakkhúsi.

Frá ársbyrjun 2006 voru hins vegar verið farnar fjölmargar vinnuferðir á vegum félagsins til viðgerða á Samkomuhúsinu fram í júní það ár og síðan frá nóvember 2006 til júní 2007 til viðgerða á Stórapakkhúsi. Ákveðið var að ljúka þessari endurbyggingu í tveimur áföngum sem fyrr greinir. Fyrri áfanginn var að ljúka viðgerð á Samkomuhúsi utan sem innan og litlum hluta Stórapakkhúss. Þar var þannig hægt að opna greiðasölu í sumarbyrjun 2006 og jafnframt gistingu í Eyjólfsþakkhúsi. Seinni áfanginn var að ljúka við viðgerð Stórapakkhúss, koma þar fyrir herbergjum til gistingar og var það opnað vorið 2007. Um árabíl hafði verið til þess horft við endurgerð þakkhúsanna að þau nýttust í þágu ferðamanna í Flatey er til framtíðar væri lítið. Það varð að veruleika og hefur gefist mjög vel. Samið var við hlutafélag 6 aðila um rekstur ferðapjónustu í húsunum. Til að styrkja þann rekstur og þar með tekjur Minjaverndar af þessum eignum hefur verið rætt um að félagið komi upp aukinni starfsmannaaðstöðu og hefur verið sótt um jarðnáði fyrir nýbyggingum í því efni.

## **Sjóvarnargarðar – Silfurgarður í Flatey.**

Fyrir nokkrum árum átti Minjavernd frumkvæði að því með Þjóðminjasafni að ráðast í gagngerar endurbætur á gömlum hleðslum Silfurgarðs og Stóragarðs í Flatey. Er nú komið að því að halda þarf því verki áfram, bæði viðhalda því sem gert var og ljúka verkþáttum sem ekki tókst að ráðast í á þeim tíma. Í gegnum aldir hafa íbúar sinnt sínum vörum og hleðslum á hverju vori, en því er ekki til að dreifa lengur. Sem lið í að ganga frá umhverfi Eyjólfsþakkhúss lét Minjavernd lagfæra Eyjólfsplan á árinu 2003. Stórviðri og aukinn ágangur sjávar hefur skaðað mannvirki þessi á liðnum árum. Því er nauðsynlegt að afla fjár til frekari lagfæringa þessara gömlu mannvirkja, en Silfurgarður var ein stærsta einstaka einkaframkvæmd hér á landi á fyrri hluta 19. aldar.

## **Húsin í heiðinni.**

Lagning símanns frá Seyðisfirði til Reykjavíkur er undirbúin var sumarið 1905 og síðan framkvæmd á einu sumri 1906 var ótrúlegt þrekvirki og stærsta framkvæmd hér á landi á 20. öld fram að seinna stríði. Einkum var mikið í ráðist við að leggja línu yfir hálendi frá Héraði til Vopnafjarðar og þaðan yfir að Grímsstöðum á Fjöllum. Minjavernd réðst í það á árunum 2001 til 2003 að skoða ummerki þeirrar línulagnar og þar með þeirra húsa sem reist voru meðfram línunni á sínum tíma. Í framhaldi var gerð áætlun um endurgerð húsanna. Á árinu 2004 réðst Minjavernd í að framkvæma fyrsta áfanga þeirrar áætlunar, er fólst í endursmíð hússins við Haug, um 23 km austan við Grímsstaði á Fjöllum í um 740 metra hæð. Gekk sú framkvæmd vel og í september það ár var húsinu komið fyrir á grunni þess gamla, svo nákvæmlega að gamla dyrahellan nýtist nú óhreyfð nýjum dyrum. Við framkvæmdina og í framhaldi af henni voru töluverð viðbrögð af heimaslóð og öll mjög jákvæð. Það varð með öðru til þess að félagið réðst í næsta áfanga verksins 2005 sem var að koma fyrir hús í stað þess sem áður stóð á Urðum, nær miðja vegu milli Grímsstaða og Vopnafjarðar. Það hús er nokkru stærra en það fyrsta og betur búið til dvalar. Gengið var í framhaldi frá samningi við Ferðaklúbbinn 4x4 á Austurlandi um daglega vörslu húsanna og afnot af þeim.

Í lok árs 2005 var síðan gengið frá samningi við Landssíma Íslands hf. um þriðja húsið á Smjörvatnsheiði. Með samningi þeim tók Síminn hf. að sér að kosta og framkvæma það að setja upp hús á Smjörvatnsheiði í stað húss sem reist var úr liggjandi símastaurum árið 1906.

Húsið var reist og lokið við allan frágang þess sjálfs síðsumars 2006, en Minjavernd annaðist og kostaði á árinu 2007 lokafrágang og að setja í húsið innanstokksmuni, sérsníðaðar kojur, borð og bekki. Í framhaldi var gerður samningur um vörslu þess og afnot við Björgunarsveitina Vopna á Vopnafirði. Húsið verður notað sem björgunarskýli á heiðinni og kemur í stað annars sem hrörlegt mjög er orðið og verður þá fjarlægð.

Á árinu 2007 var þannig lokið við verkefni þetta sem tók 7 ár frá upphafi skoðunar til lokafrágangs síðasta hússins. Það hefur þegar gerbreytt aðstöðu og möguleikum ferðaþjónustu hvað aðstöðu snertir á þessum heiðum og heldur við sögu sem ella hefði glatast í hugum fólks og fallið í gleymiskunnar dá.

## **Þórshamar og Ríkið á Seyðisfirði.**

Eftir verkalok endurgerðar pakkhúsa í Flatey og að loknum lokaáfangi endurgerðar símahúsa háttaði svo til að Minjavernd hafði lokið þeim verkefnum úti á landi sem félagið hafði haft með höndum á þeim tíma. Í framhaldi var val frekari verkefna rætt nokkuð í stjórn félagsins og m.a. horft til Austfjarða í því efni.

Félagið leit um nokkurt skeið til Seyðisfjarðar og gerðar voru áætlanir, uppmælingar og leitað leiða til þess að liðsinni félagsins gæti létt undir með miklu óunnu uppbyggingarstarfi þar. Unnar voru áætlanir og uppmælingar sérstaklega að Ríkinu og Þórshamri og rætt við eigendur þeirra húsa. Meðal annars var í samvinnu við fjármálaráðuneyti unnið að framtíðarlausn á fyrirkomulagi endurbyggingar, eignarhaldi og rekstri Ríkisins. Undirrita átti samninga um yfirtöku Minjaverndar á Ríkinu og uppbyggingu þess í sumarbyrjun 2008, en horfið var frá því sökum viðhorfa heimamanna. Verkefni þetta hefði getað orðið skemmtilegt viðfangsefni og öllu umhverfi sínu til góðs, enda til þess einvörðungu stefnt.

## **Franski spítalinn á Fáskrúðsfirði.**

Samhliða því að unnið var að uppmælingu á Ríkinu á Seyðisfirði var af hálfu Minjaverndar litið til Franska spítalans á Fáskrúðsfirði og það hús mælt upp. Eftir að horfið var frá aðkomu Minjaverndar að verkefnum á Seyðisfirði var horft mjög til þess að félagið tæki að sér Franska spítalann á Fáskrúðsfirði. Tekið var saman á grip af sögu hússins og gefið út í kveri á íslensku og frönsku. Rætt var við heimamenn um aðkomu félagsins að þessu verkefni og hvernig það geti best stutt þá í þeirri viðleitni að setja Fáskrúðsfjörð á kortið sem “fraskan” ferðamannabæ, hvar tilveru og samskiptum landanns við Frakka væru gerð góð skil. Húsið var upphaflega byggt inni í Búðakauptúni 1903, en tekið niður fjöl fyrir fjöl og flutt út á Hafnanes 1939.

Þetta starf leiddi til þess að á Íslandshátíð í Grevelines í Frakklandi í september 2009 var undirrituð samstarfsyfirlýsing Fjarðabyggðar, Gravelines, Alliance Francaise og Minjaverndar um vinnu að fjármögnun þess verkefnis að flytja húsið frá Hafnanesi inn í Búðakauptún og endurbyggja það þar.

Samhliða vinnu við að afla verkefninu fjármuna hefur Minjavernd í góðu samstarfi við Fjarðabyggð unnið að frekari þróun hugmyndarinnar. Liggur nú að baki vinna við breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulagi svæðis þess sem spítalanum er ætlað að standa á. Hefur það skipulag verið auglýst og afgreitt. Jafnframt hefur verið lokið við byggingarnefndarteikningar að húsunum öllum. Um er að ræða endurgerð Franska spítalans sjálfs sem ætlaður er staður fyrir neðan Læknishúsið við Hafnargötu. Það hús mun eftir endurgerð rúma 12 herbergi og í kjallara verður veitingastaður. Læknishúsið verður innlimað í verkefnið og komið þar fyrir sýningu um sjósókn Frakka hingað til lands jafnframt sem þar verður móttaka hótelsins, 10 gistisherbergi og tenging frá því yfir í Franska spítalann. Síðan inniheldur verkefnið endurgerð Líkhúss spítalans, Sjúkraskýlið sem Frakkar byggðu 1897 og hýsa mun 4 herbergi, ásamt flutningi á Kapellunni sem flutt var upp í plássið og hefur verið notuð sem íbúðarhús og lagerhúsnæði. Kapellan verður nú flutt á ný að þessari húsaþyrpingu, endurgerð sem kapella og mun hafa sömu afstöður gagnvart Sjúkraskýlinu og hún hafði upphaflega.

Í september á liðnu ári flutti Minjavernd Spítalann inn að Búðum og gekk sá flutningur vel. Síðla árs var síðan gengið frá afsali á Læknishúsinu frá Fjarðabyggð til Minjaverndar og

jafnframt var þá gengið frá lóðarsamningum fyrir þessa framkvæmd alla. Síðan hefur verið unnið að ýmsum undirbúningi verkefnisins, hönnun og praktískum úrlausnarefnum.

Samhliða þessu hefur verið lögð mikil vinna að öflun fjárstuðnings til þessa verkefnis. Hefur verið efnt til samstarfssamninga við Gravelin í Frakklandi og jafnframt við bæjarstjórn Paimpol. Viðbrögð hafa verið jákvæð þar sem víðar, en eftir á að reyna með afrakstur. Vonir standa þó til að fjárstuðningur við verkefnið fái, en Minjavernd mun bæði fjármagna það úr sínum sjóðum að öðru leyti og afla lánsfjár til þess.

Stefnt er að því að framkvæmdir við verkefnið hefjist á þessu ári, en einstaka áfangar hafa enn ekki verið ákveðnir.

Ýmis önnur verkefni eru eða hafa verið á borðum Minjaverndar til skoðunar bæði í Reykjavík sem á landsbyggð, en hér þykir einungis ástæða til að nefna þau stærstu og þeim sem helst hefur verið sinnt á liðnu ári.

## **Fjárhagsstaða, uppgjör og afkoma Minjaverndar hf.**

Afkoma Minjaverndar á árinu 2010 var jákvæð, en hagnaður ársins nam 36.6 m.kr. Rekstrartekjur námu 80.7 m.kr. og rekstrargjöld námu 72.5 m.kr. Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld voru jákvæð um 28.6 m.kr. Eignir félagsins námu í árslok 955.3 m.kr. og skuldir 346.1 m.kr. Eigið fé var því 609.2 m.kr. Eiginfjárhlutfall var 63.7 %, innra virði 2.2 og veltufjárhlutfall 0.4 %.

## **Niðurlag.**

Staða Minjaverndar hf. er góð. Þrátt fyrir áföll á fasteignamarkaði sem ekki hafa farið fram hjá neinum hefur tekist að halda þétt utan um starfsemi og hún ekki borið mikinn skaða af. Ekki fer þó hjá að um margt er þrengra og vaxtabyrði mikil. Tekjur félagsins hafa þó að mestu fylgt áætlunum. Til þessa verður að líta sérstaklega þar sem félaginu er ekki ætlað að þiggja fjármuni frá ríki eða borg og þarf því að huga vel að fjárhagsstöðu sinni til framtíðar. Á liðnum árum hefur mestur hluti starfs verið í miðborg Reykjavíkur, en meginþunga þess var lokið með endurgerð Ziemsen. Félagið hefur unnið að hugmyndum um frekari verkefni í Reykjavík, en jafnframt hefur verið stefnt að því að styrkja sem kostur er og efla frá því sem verið hefur starf Minjaverndar úti á landi.

Pröstur Ólafsson formaður stjórnar  
Porsteinn Bergsson framkvæmdastjóri.